

„Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu“

Viðhorf ungra kvenna til barneigna

Sunna Símonardóttir, nýdoktor og aðjúnt í félagsfræði við Háskóla Íslands

Hlédís Maren Guðmundsdóttir, meistaranemi í félagsfræði við Háskóla
Íslands

ÚTDRÁTTUR: Lækkandi fæðingartíðni á Vesturlöndum má rekja til viðhorfsbreytinga gagnvart barneignum og félagslegra þátta á borð við aukna hagsæld, menntun, aukið kynjajafnrétti og breytinga á gildum og lífsmarkmiðum einstaklinga. Þar sem Ísland fylgir nú svipaðri þróun í frjósemi og önnur Norðurlönd er mikilvægt að skoða fæðingartíðni og frjósemishegðun í víðu samhengi. Fyrirliggjandi rannsóknir á viðhorfum til barneigna á Íslandi eru takmarkaðar og tilgangur þessarar rannsóknar er að öðlast skilning á því hvernig viðhorf til barneigna mótast af ríkjandi hugmyndum um foreldrahlutverkið, félagslegum aðstæðum fólks, kynjuðum veruleika og opinberri fjölskyldustefnu. Í rannsókninni nýtum við rýnihópa og einstaklingsviðtöl við konur á aldrinum 25-30 ára til þess að greina viðhorf ungra kvenna til barneigna. Greining varpar ljósi á það hvernig ungar konur upplifa foreldrahlutverkið sem kvíðavaldandi og líklegt til þess að hafa neikvæð áhrif á stöðu þeirra í samfélaginu. Þó að viðmælendur sjái brotalamir í ásýnd jafnréttisamfélagsins, þegar kemur að ábyrgð og skyldum mæðra og feðra þá setja þeir ekki sömu spurningamerki við hugmyndafræði einstaklingshyggju og ákafrar mæðrunar sem einkennir foreldrahlutverkið. Niðurstöður benda til þess að ungar konur eigi erfitt með að sjá fyrir sér hvernig þær geti uppfyllt vaxandi kröfur um „ákafa“ mæðrun í samfélagi sem einkennist af lífsgæðakapplaupi, einstaklingshyggju og yfirvofandi loftslagssvá.

LYKILORÐ: Foreldrahlutverk – Ungt fólk – Kynjajafnrétti – Fæðingartíðni – Ákøf mæðrun

ABSTRACT: Declining birth rates in Western countries can be attributed to changes in attitudes towards childbearing as well as social factors such as increased prosperity, education, increased gender equality and chang-

es in life values and goals. Iceland now follows similar fertility trends as the other Nordic countries. Existing research is limited, underlining the importance of broad context research of birth rates and fertility behaviour. The purpose of this study is to further our understanding of how attitudes towards childbearing are shaped by prevailing ideas about parenthood, people's social conditions, gendered reality, and family policy. In the study, we employ focus groups and individual interviews with women aged 25-30 to analyse young women's attitudes towards childbearing. Our analysis sheds light on young women's view of motherhood as distressing and likely to negatively impact their social position. Although the interviewees perceive cracks in the facade of the egalitarian society, when it comes to the unequal responsibilities of mothers and fathers, they do not question the ideology of individualism and intensive mothering that characterizes modern parenthood. Findings suggest that young women struggle to envision how they can meet the demands of motherhood in a society characterized by materialism, individualism, and impending climate disaster.

KEYWORDS: Parenting – Young people – Gender equality – Fertility – Intensive mothering

Inngangur

Fæðingartíðni á Íslandi hefur lækkað hratt undanfarin áratug og nýjustu tölur sýna að íslenskar konur eignast að meðaltali 1,82 börn yfir ævina, sem er umtalsverð lækkun frá því sem áður var (Hagstofa Íslands, 2022a). Ljóst er að Ísland fylgir nú svipaðri þróun í frjósemi og önnur Norðurlönd þar sem konur eignast börn seinna á lífsleiðinni og eignast færri börn, og fleiri velja barnleysi (Mills o.fl., 2015). Mikilvægt er að greina og skilja þessa þróun þar sem hún er líkleg til þess að hafa afdrifarík áhrif á aldurs samsetningu þjóðar, samfélagsgerð og velferðarríkið í heild sinni (Vollset o.fl., 2020). Áhugavert er að skoða viðhorf ungs fólks til barneigna á Íslandi þar sem kerfislægir þættir sem hafa áhrif á frjósemi hafa þótt til nokkurrar fyrirmyndar, þar með talið fæðingarorlof fyrir báða foreldra, ódýr og aðgengileg dagvistun fyrir ung börn og mikil atvinnuþátttaka kvenna (Eyðal og Gíslason, 2014).

Tilgangur rannsóknarinnar er að auka skilning á viðhorfum ungra kvenna á Íslandi til barneigna. Bent hefur verið á mikilvægi þess að nýta í auknum mæli eigindlegar rannsóknaraðferðir til þess að varpa ljósi á breytt viðhorf til barneigna og þróun fæðingartíðni (Balbo o.fl., 2013). Mikilvægt er að samþætta femínísk sjónarmið inn í rannsóknir á fæðingartíðni og foreldrahlutverkum þar sem þau færa okkur mikilvæga linsu til þess að skoða hvernig breytt tækifæri fyrir konur og karla hafa áhrif á frjósemi og hvernig kynjaðar kröfur og hugmyndafræði um foreldrahlutverkið hefur áhrif á ákvarðanir er varða barneignir, fjölda barna og tímasetningu barneigna. Undanfarin misseri hefur verið mikil gróska hér á landi í gagnrýnum, félagsfræðilegum rannsóknum á foreldrahlutverkinu (sjá til dæmis, Símonardóttir, 2016a; Annadís Gréta Rúdólfsdóttir og Auður Magnús Auðardóttir, 2020; Auðardóttir, 2022; Hjálmsdóttir og Bjarnadóttir, 2021). Viðhorf ungs fólks á Íslandi til barneigna og fjölskyldulífs hafa engu að síður lítið sem ekkert verið rannsökuð, sem undirstrikar mikilvægi innlendra rannsókna á þessu sviði. Markmið þessarar rannsóknar er því að öðlast skilning á því hvernig viðhorf til barneigna mótast af ríkjandi hugmyndum um foreldrahlutverkið, félagslegum aðstæðum fólks, kynjuðum veruleika og opinberri fjölskyldustefnu. Meðal annars verður leitað svara við því hvernig orðræða um móðurhlutverkið birtist og hvernig hún virkar sem hvati eða hindrun þegar kemur að ákvörðuninni um að verða eða verða ekki móðir. Rannsóknin er hluti af stærra rannsóknarverkefni sem ber heitið *Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi* sem styrkt

er af Rannsóknasjóði Rannís (228294) og hefur að markmiði að skoða fæðingartíðni og foreldramenningu á Íslandi á heildstæðan hátt með því að nýta ólíkar rannsóknaraðferðir.

Fæðingartíðni og viðhorf til barneigna

Á Vesturlöndum hefur fólk umtalsverð völd yfir frjósemi sinni. Þessi völd teljast til mannréttinda í vestrænum menningarheimi og felast annars vegar í aðgengi að getnaðarvörnum og þungunarrofi og hins vegar í aðgengi að frjósemislækningum og, í ákveðnum tilfellum, staðgöngumæðrun. Á sama tíma og valfrelsið eykst hefur fæðingartíðni á Vesturlöndum farið lækandi (Rowland, 2007). Ástæður þessa eru fjölpættar, en þær má að hluta til rekja til viðhorfsbreytinga gagnvart barneignum á undanförmum áratugum (Thornton og Young- DeMarco, 2001) og félagslegra þátta á borð við aukna hagsæld, menntun og aukið kynjajafnrétti (Inglehart, 1977; Thornton og Young-DeMarco, 2001). Afleiðingar þessara breyttu viðhorfa birtast eins og fyrr segir í lægri fæðingartíðni en einnig í fjölbreyttari fjölskylduformum og seinkun barneigna (Dommermuth o.fl., 2011; Lappegård, 2000; Lesthaeghe, 2010). Alþjóðlegur samanburður gefur til kynna að stefnumörkun sem veitir foreldrum atvinnuöryggi, hágæða opinbera dagvistun og launað fæðingarorlof geti hjálpað til við að viðhalda eða auka frjósemi (Hoem, 2008; Kaufman og Bernhardt, 2012; Thévenon og Gauthier, 2011).

Rannsóknir á viðhorfum ungs fólks til barneigna hafa meðal annars einblínt á hugmyndir um ákjósanlegan fjölda barna, aldur við fyrsta barn, viðhorf til lífsmarkmiða fyrir fyrsta barn, þekkingu á frjósemi og uppeldi og viðhorf til barnleysis. Þá sýna rannsóknir að menntun hefur umtalsverð áhrif á viðhorf fólks til barneigna (Billari og Philipov, 2004; Lappegård, 2002; Rijken og Merz, 2014; Rønsen, 2004). Rannsóknir benda enn fremur til þess að stór meirihluti ungs fólks vilji eignast barn einhvern tímann á lífsleiðinni. Hins vegar virðist ungt fólk leggja áherslu á að ná vissum markmiðum fyrir barneignir, svo sem að búa yfir félagslegu og efnahagslegu öryggi og að hafa uppfyllt langanir sínar um persónulega reynslu og upplifanir. Í því samhengi sýnir fjöldi erlendra rannsókna fram á að ungt fólk álítur ákjósanlegan aldur við fyrsta barn vera nærri 30 ár (Lampic o.fl., 2006; Roberts o.fl., 2011; Virtala og Virjo, 2004).

Á meðan fæðingartíðni á Vesturlöndum fór lækandi naut Ísland lengi vel sérstöðu. Hér á landi átti fólk almennt fleiri börn og átti þau fyrr. Undanfarinn áratug hefur fæðingartíðni á Íslandi aftur á móti hriðlækkað og frá byrjun sjöunda áratugarins og fram yfir 1980 var meðalaldur móður við fæðingu frumburðar undir 22 árum en var árið 2021 kominn upp í 28,6 ár (Hagstofa Íslands, 2022a). Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til að viðhalda mannfjölda til lengri tíma litið. Árið 2021 var frjósemi íslenskra kvenna 1,82 börn á ævi hverrar konu. Þar sem Ísland fylgir nú svipaðri þróun í frjósemi og önnur Norðurlönd er mikilvægt að skoða fæðingartíðni og frjósemishegðun í viðu samhengi. European Values Study (EVS, 2021) veitir innsýn í hugmyndir, viðhorf, gildi og skoðanir íbúa um alla Evrópu á margvíslegum málafnum og þar má merkja ákveðna breytingu á viðhorfum Íslendinga til barneigna. Árið 2008 voru um 84% þátttakenda á því að börn væru frekar eða mjög mikilvæg þegar kæmi að farsælu hjónabandi, en árið 2017 voru 73% þátttakenda á sama máli, sem er svipað hlutfall og á hinum Norðurlöndunum. Þó virðist eima eftir af íhaldssömum hugmyndum ef litið er á svör við fullyrðingunni að atvinna sé góð út af fyrir sig en það sem flestar konur þrái sé heimili og börn. Þar tóku 55% þátttakenda undir fullyrðinguna árið 2008, sem er hærra hlutfall en í löndum á borð við Bretland, Þýskaland og Frakkland. Árið 2017 tóku 42% þátttakenda undir fullyrðinguna, sem er hærra hlutfall en á hinum Norðurlöndum. Þær rannsóknir sem fyrir liggja um viðhorf til barneigna á Íslandi eru nokkuð takmarkaðar en sýna þó fram á að þær eru mikils metnar og að flestir hafa það markmið að eignast börn einhvern tímann á lífsleiðinni (Fernandes-Cornejo o.fl., 2016; Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson, 1991; Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Í veröld sem stafar ógn af hamfarahlýnun hefur einnig borið á aukinni tilhneigingu ákveðinna hópa til að breyta frjósemisáformum sínum í takt við umhverfisgildi. Í því endurspeglast það viðhorf

að fólksfjölgun og kolefnissporið sem fylgir henni ógni vistkerfinu og þar að auki þyki óvíst að tryggja megi komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði (Arias, 2022; Hintz og Haywood, 2021). Nýlegar rannsóknir hafa bent til þess að ungt fólk sé sífellt svartsýnna á framtíðarhorfur næstu kynslóðar, sérstaklega vegna loftslagsbreytinga, og gæti því valið að eignast ekki börn þó að hugur þess hefði annars staðið til barneigna (Blackstone, 2019; Helm o.fl., 2021). Barnleysi, valið eða nauðbeygt, hefur ávallt verið til staðar en þó hefur tíðni þess aukist verulega á Vesturlöndum undanfarna áratugi (Rowland, 2007). Rannsókn Miettinen o.fl. (2015) leiddi í ljós aukningu á barnleysi bæði kvenna og karla í aldurshópunum 30–34 ára og 40–44 ára um nánast alla Evrópu. Hugmyndir um hlutverk kvenna og eðli kvenlegrar sjálfsmyndar hafa í gegnum tíðina verið mjög bundnar móðurhlutverkinu (Arendell, 2000). Hins vegar hefur á undanförunum árum orðið vart við vaxandi tilhneigingu meðal kvenna til að velja barnleysi og hafa rannsóknir þannig sýnt fram á að margar konur sem kjósa að verða ekki mæður verða fyrir fordómum og verða að réttlæta og verja ákvörðun sína í samskiptum við aðra (Moore, 2014; Park, 2002; Rick og Meisenbach, 2017).

Póstfemínismi og nýjar kvenleikahugmyndir

Hugtakið pósfemínismi hefur verið notað til að skýra einstaklingshyggjuviðhorf til jafnréttis og til aðgreiningar frá fyrri bylgjum femínisma. Hugmyndafræði pósfemínisma byggir á því viðhorfi að aukið frelsi og tækifæri hafi losað konur í vestrænum ríkjum úr höftum hefðbundinna kynjahugmynda og leitt til þess að misrétti og kúgun í krafti kynferðis heyri sögunni til (Gill, 2016). Þvert á móti búi konur í dag yfir sterkri sjálfsmynd, séu gerendur í eigin lífi og geti valið sér lífsbraut að vild án nokkurra hindrana. Gill og Scharff (2013) benda á að pósfemínismi sé í raun ekki sérstök bylgja af femínisma heldur miklu fremur eins konar stemmning eða skoðun sem afneitar mikilvægi femíniskrar baráttu þar sem jafnrétti sé nú að mestu í höfn. Hið pósfemíníska ástand er því í nánum tengslum við markaðsdrifna nýfrjálshyggju og einstaklingshyggju, þar sem möguleiki kvenna til valdeflingar raungerist fyrst og fremst í gegnum neyslu og ögun sjálfsins. McRobbie (2004) ræðir einstaklingsvæðingu konunnar (e. *female individualisation*) út frá kenningum Giddens og Beck sem ganga út á möguleika einstaklingsins til þess að „skapa sitt eigið líf“. Hver og einn einstaklingur hafi þannig frelsi, sem þekktist ekki áður, til að móta sjálfan sig og hvert hann ætlar í lífinu, en þetta fjarlægir þá sem eru að ná fullorðinsaldri í dag frá hinum hefðbundnu kynhlutverkum kynslóðarinnar á undan því valfrelsið hefur aukist svo mikið. Formgerðin sé því ekki lengur áhrifamesti þátturinn, heldur félagslegur atbeini einstaklingsins. Í kenningum Giddens og Beck er þó litið fram hjá þeim kynjuðu byrðum sem lagðar eru á einstaklinga með því að gera allt í þeirra lífi að vali, þeirra vali.

Í vestrænum samfélögum samtímans eru gerðar miklar væntingar til ungra kvenna en þær eru einnig undir miklu eftirliti (Gill og Scharff, 2013). Þær eru skilgreindar sem fyrirmyndarviðföng nýfrjálshyggjunnar þar sem þær hafa hagnast mest á þeim margvíslegu félagslegu og efnahagslegu breytingum sem einkenna vestræn samfélög. Ungum konum hafa verið veitt réttindi og fríðindi sem áður voru fyrst og fremst í boði fyrir karla, svo sem þátttöku í menntun, atvinnu og neytendameningu og rétt til að stýra eigin frjósemi (McRobbie, 2007). Aðráttarafl pósfemínisma fyrir ungar konur er skiljanlegt þar sem að hann veitir þeim möguleika á að upplifa gerendahæfni. Þetta birtist vel í kanadískri viðtalsrannsókn Pomerantz o.fl. (2013) þar sem rétt var við 51 stelpu á aldrinum 12–17 ára og þá mótsagnakenndu stöðu sem kemur upp hjá stelpunum þegar kemur að hugmyndum um kynjafordóma. Annars vegar lýsa þær pósfemínískum raunveruleika þar sem bæði kynin eru jöfn en hins vegar upplifa þær kynjamisrétti, þó að þær noti ef til vill ekki það orð yfir reynslu sína. Pósfemínisminn birtist þessum stelpum sem orðræða um ábyrgð, val, vald og sjálfstæði og gerir þannig stelpum kleift að finnast þær sterkar, hæfar og sjálfstæðar og komast hjá þolendastöðu. Þó að þessir straumar, pósfemínismi og nýjar kvenleikahugmyndir, séu að sumu leyti alþjóðlegir í eðli sínu með tengingu sinni við dægurmenningu eru þeir samtímis staðsettir í staðbundnu samhengi og menningu. Í íslensku samhengi má benda á rannsóknir Gyðu Margrétar Pétursdóttur (2012), sem

hefur lagt fram hugtakið *Áru kynjajafnréttis* en það lýsir ákveðnu félagslegu ferli þar sem karlar og konur sannfæra sig um að jafnrétti ríki þrátt fyrir að raunin sé önnur. Í seinni tíð hefur femínismi átt kraftmikla endurkomu og lögmæti í pólitískri umræðu, dægurmenningu og samfélaginu í heild (Gill og Orgad, 2017). Þessi þróun hefur birst okkur erlendis, jafnt sem á Íslandi þar sem ýmis teikn eru á lofti um að ungar konur skilgreini sig í auknum mæli sem femínista og femínísk barátta hefur öðlast endurnýjaðan kraft og merkingu. Mikilvægt er að rannsaka hvernig þessi bylgja femínískrar baráttu skarast við pósthfemínismann og hvaða áhrif sú skörun hefur á kvenleikahugmyndir ungra íslenskra kvenna.

Kynjaðar víddir foreldrahlutverksins

Áhrif barneigna á vinnumarkaðsstöðu kvenna hafa verið umtalsvert rannsökuð og í því samhengi hefur verið rætt um refsingu móðurhlutverksins (e. *motherhood penalty*), sem vísar í þá staðreynd að mæðrum vegnar verr á vinnumarkaði en körlum og barnlausum konum, og á þetta við um flest vestræn ríki í Evrópu og Norður-Ameríku (Correll o.fl., 2007; Dotti Sani, 2015). Konur eru enn ólíklegri til að gegna stjórnunarstöðum innan atvinnulífsins en karlar og rannsókn Angelov, Johansson og Lindahl (2016), sem rýndi í kynjamun á aðstæðum norskra foreldra á atvinnumarkaði, leiddi í ljós neikvæð áhrif barneigna á starfsframa kvenna. Opinber stefnumótun skiptir miklu máli þegar kemur að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og hefur það verið einkennandi á Norðurlöndum að leitast markvisst við að jafna hlut karla og kvenna á atvinnumarkaði sem og í fjölskyldulífi í gegnum stefnumótun ríkisins. Framsæknar útfærslur á fæðingarorlofskerfum hafa verið mótaðar eftir þessari hugmyndafræði, með mælanlegum áhrifum. Frá árinu 2000 hefur yfirlýst stefna í íslenskum fæðingarorlofslögum verið að jafna hlut kynjanna í umönnun barna sinna. Atvinnuþáttaka kvenna á Íslandi er mikil í alþjóðlegum samanburði og meðalvinnuvikan á Íslandi árið 2020 var 38 klukkustundir; 34,2 fyrir konur og 41,1 fyrir karla (Hagstofa Íslands, 2022b). Nýlegar rannsóknir benda einnig til þess að foreldrar á Íslandi, og þá sérstaklega mæður, séu undir álagi þegar reynt er að ná jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019; Júlíusdóttir o.fl., 2018). Bent hefur verið á í þessu sambandi að mæður séu mun líklegri en feður til þess að brúa umönnunarbilið frá fæðingarorlofi og þar til barnið kemst á leikskóla (Arnalds o.fl., 2019; Ingólfssdóttir og Gíslason, 2016) og endurteknar kannanir meðal foreldra á Íslandi sýna að undanfarin 20 ár hefur verið hæg en stöðug lækkun á hlutfalli mæðra sem finnst auðvelt að samræma vinnu og fjölskyldulíf (Arnalds, 2020). Þrátt fyrir aukna þátttöku karla í heimilishaldi á undanförunum árum sýna rannsóknir fram á að ábyrgðin á verkstjórn og skipulagi liggur oftast enn hjá konunni (DeGroot og Vik, 2020; Maskína, 2017). Þetta á einnig við hjá þörum sem hafa fram að foreldrahlutverki lagt áherslu á jafna skiptingu verka (Daminger, 2019).

Greining Sharon Hays (1996) á hugmyndafræði ákafrar mæðrunar sýnir fram á hvernig uppeldi og það að vera uppalandi hefur orðið sífellt mikilvægari hluti af sjálfsmynd fullorðinna í vestrænum löndum, sérstaklega mæðra. Á sama tíma hefur farsælt barnauppeldi verið skilgreint sem „barnamiða“ þar sem ætlast er til að móðir sökkvi sér í barnauppeldið og taki fulla ábyrgð á þroska barns síns, á sama tíma og hún treystir á sérfræðileiðsögn og vísindi til að kenna henni réttu handtökin (Lee o.fl., 2014). Ekki er hægt að horfa fram hjá þeirri þversögn að þessi ákafa, sérfræðingsmiðaða tegund mæðrunar birtist og er viðurkennd sem æskileg á sama tíma og þátttaka kvenna á vinnumarkaði eykst og samfélagslegar kröfur um jafnrétti verða háværari (Hays, 1996; Kanieski, 2010). Innbyggt í hugmyndafræði ákafrar mæðrunar er töluverð útvíkkun móðurhlutverksins, sem tengist einnig víðtækari hugmyndafræðilegum breytingum á skynjun okkar á börnum sem félagslegu auðmagni (Vandenbeld, 2014) og hugmyndum nýfrjálsbyggjunnar um mæður sem hámarka möguleika barna sinna með upplýstri ákvarðanatöku (Murphy, 2000). Kröfur sem gerðar eru til barnshafandi kvenna um að stjórna líkama sínum á „ábyrgan hátt“ á meðgöngu og jafnvel fyrir getnað hafa aukist mjög á undanförunum árum og beinast að ýmsum þáttum, svo sem mataræði, áfengisneyslu, streitu,

tengslamyndun og nálægð við ýmis mögulega heilsuspillandi efni (Budds, 2021). Þunguðum konum er því haldið undir eftirliti og ætlast er til þess að þær hegði sér á þann hátt sem er menningarlega skilinn sem ábyrgur gagnvart barninu sem þær bera og þeim sjálfum (Locke og Horton-Salway, 2010). Tímabilið fyrir getnað barns hefur þannig á síðustu árum og áratugum fengið aukna athygli og umfjöllun sem mikilvægt heilsuverndandi tímabil fyrir framtíðar börn/fóstur og tengist því fyrirnefndri útvíkkun móðurhlutverksins þar sem mæður eru taldar bera ábyrgð á börnum sínum, jafnvel áður en þau eru getin (Budds, 2021). Ljóst er að foreldrahlutverkið á Íslandi, sem og annars staðar, einkennist af ýmsum kynjuðum staðalmyndum sem byggja á hugmyndum um feður sem fyrirvinnur og mæður sem ábyrgar fyrir umönnun og tilfinningalegri velferð barna sinna (Símonardóttir, 2016a). Þó að íslenskir feður taki virkari þátt í umönnun og uppeldi barna sinna með tilkomu fæðingarorlofskerfisins má enn greina sterkar orðræður innan samfélagsins um auknar skyldur og ábyrgð mæðra þegar kemur að umönnun og uppeldi (Símonardóttir, 2016a; Gíslason og Símonardóttir, 2018). Birtingarmyndir þessara samfélagslegu krafna móðurhlutverksins lúta ekki síst að líkamanum sjálfum, virkni hans og frammistöðu þegar kemur til að mynda að brjóstagjöf (Símonardóttir, 2016b), náttúrulegri fæðingu (Símonardóttir og Rúdólfsdóttir, 2021) og tengslamyndun (Símonardóttir, 2016a), en einnig hugmyndafræði ákafrar mæðrunar sem krefst ákveðinnar fullkunnunar (Auðardóttir, 2022).

Aðferðir og gögn

Í rannsókninni nýtum við rýnihópa og einstaklingsviðtöl til þess að fanga viðhorf ungra kvenna til barneigna. Rýnihópar eru eigindleg rannsóknaraðferð sem byggir á umræðum einstaklinga í hóp um ákveðið málefni. Aðferðin er talin henta sérstaklega vel í rannsóknarverkefnum þar sem þekking á viðfangsefninu er lítil og takmarkið er að öðlast heildstæða mynd af því hvaða skilning og merkingu fólk leggur í ákveðin fyrirbæri, líf sitt og athafnir (Morgan o.fl., 1998). Notast var við sjálfvalið úrtak þátttakenda sem svöruðu kalli okkar um þátttöku í rannsókninni. Auglýst var eftir þátttakendum í rýnihópa á samfélagsmiðlunum Facebook, Instagram og Twitter, en auglýsingu um rannsóknina var deilt víða af aðilum í tengslaneti beggja höfunda og sömuleiðis í stórum Facebook-hópum landsins. Ungt fólk nýtir samfélagsmiðla mikið (Perrin, 2015) og því var talið að þeir væru hentugur vettvangur til að auglýsa eftir þátttakendum. Skilyrði fyrir þátttöku var að um væri að ræða barnlausa einstaklinga á aldrinum 25–30 ára sem væru búsettir á Íslandi. Alls tóku 14 einstaklingar þátt í rannsókninni en aðeins konur svöruðu auglýsingunni og lýstu yfir áhuga á þátttöku. Haldnir voru fjórir rýnihópar og tekin voru tvö einstaklingsviðtöl. Allir þátttakendur voru konur á aldrinum 25–30 ára, tvær voru giftar, átta í sambúð og fjórar einhleypar. Allir þátttakendur að undanskilinni einni voru hvítar og íslenskar að þjóðerni og þrjár voru sam- eða pankynhneigðar, en aðrar gagnkynhneigðar. Menntunarstig viðmælenda var nokkuð hátt; sjö höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi, fimm höfðu lokið grunnnámi á háskólastigi (BA- eða BS-gráðu) og tvær höfðu lokið stúdentsprófi. Ekki var spurt með beinum hætti út í stéttarstöðu, en allir þátttakendur ræddu ítarlega félagslegar og efnahagslegar aðstæður sínar í æsku, sem veitti rannsakendum færi á að meta stéttarstöðu með nákvæmari hætti. Skilgreina mætti uppeldislega stéttastöðu hjá um helmingi viðmælenda sem verkamannastétt og hinn helmingurinn tilheyrir millistétt. Viðtölin tóku 56 til 103 mínútur og voru tekin upp á hljóðupptökutæki með leyfi viðmælenda. Til að gæta nafnleyndar og halda trúnað var öllum viðmælendum í rannsókninni gefið dulnefni og þess gætt að fela öll séreinkenni sem gætu auðkennt þær. Allir viðmælendur veittu upplýst samþykki fyrir því að orð þeirra og frásagnir yrðu notuð í útgefið efni. Þó viðmælendurnir í rannsókninni flokkist ekki sem viðkvæmur hópur lögðu rannsakendur áherslu á að þær hlytu ekki skaða af þátttöku sinni og leituðust við að tryggja rétt og friðhelgi þeirra (Esterberg, 2002).

Það krefst mikils undirbúnings og eftirfylgni að skipuleggja og framkvæma rýnihópaviðtöl þar sem mikilvægt þykir að tryggja ákveðinn fjölda þátttakenda og að aðstæður séu sem bestar (Morgan o.fl., 1998). Rýnihópar og einstaklingsviðtöl fóru öll fram á tímabilinu júlí–september 2021 en þá

stóð Covid-19 faraldurinn sem hæst og hafði hann áhrif á getu og vilja fólks til að koma saman. Rannsakendur þurftu því að sýna þátttakendum mikið svigrúm og skilning þegar þeir þurftu að hætta við þátttöku á síðustu stundu eða plön þeirra breyttust fyrirvaralaust. Áhrifa þessa gætir í rýnihópum en þar voru þátttakendur á bilinu tveir til fjórir, sem eru færri þátttakendur en talið er heppilegast að hafa í rýnihópum (Onwuegbuzie o.fl., 2009) og færri en rannsakendur lögðu upp með að hafa. Einnig má geta þess að viðmælendur í þeim einstaklingsviðtölum sem tekin voru áttu upphaflega að taka þátt í rýnihóp en áttu ekki heimangengt en vildu engu að síður eindregið taka þátt og því var þeim boðið í einstaklingsviðtöl. Umsjón með rýnihópum var í höndum annars höfundar, sem tók einnig einstaklingsviðtölin. Viðtalsrammi fyrir rýnihópa og viðtöl var unninn af fyrsta höfundi og í honum komu fram þau áhersluatriði sem fyrir fram þótti mikilvægt að spyrja út í en þau voru *viðhorf til barneigna, foreldrahlutverk og verkaskipting, jafnrétti og samfélag*. Viðtalsrammi var nokkuð opinn en rannsakendum þótti mikilvægt að skapa svigrúm til þess að umræður gætu þróast í ýmsar áttir og að þátttakendur hefðu tækifæri til þess að ræða eigin reynslu og skoðanir án hindrana. Þetta gekk eftir og voru þátttakendur allir virkir í samtali og umræðum í rýnihópunum. Viðtölin voru síðan afrituð frá orði til orðs og greind með aðferðum þemagreiningar (Braun og Clarke, 2006). Greining rýnihópaviðtala og einstaklingsviðtala fór fram með sama hætti og hófst á opinni kóðun (e. *open coding*), sem miðar að því að fanga endurtekin, mikilvæg þrástef í gögnunum sem mynda þemu. Báðir rannsakendur byrjuðu á því að hlusta á viðtölin til þess að ná yfirgripsmikilli þekkingu á þeim og þemagreindu þau síðan án þess að bera saman bækur sínar. Í kjölfarið unnu rannsakendur saman að lokagreiningu þar sem þær fínstilltu og sameinuðu þau þemu sem mynda hryggjarstykkið í greiningunni.

Niðurstöður

Heiti greinarinnar er bein tilvitnun úr frásögn Karítasar, sem er 25 ára og í sambúð. Hún lýsir þar ákveðinni togstreitu sem hún upplifir á milli þess að vera „með baby-fever í svona 6 mánuði ... sem virðist bara stigmagnast“ og hræðslunnar við að eignast barn í veröld þar sem „maður [er] alltaf að stara í ginið á ljóninu.“ Við fylgjum eftir þessari sterku mynd sem Karítas dregur upp og skiptum niðurstöðuköflum greinarinnar í þrjú undirkafla sem gera grein fyrir þeim þemum sem greind voru. Fyrsta þemað er *Ljónin í farteskinu – fyrirmyndir og væntingar um kynjaðar byrðar*, og þar er fjallað um fyrirmyndir þegar kemur að foreldrahlutverkum og verkaskiptingu innan heimilis. Annað þemað nefnum við *Ljónin í veginum – „rétti tíminn“*, en þar er fjallað um hugmyndir um réttan tíma til barneigna og þá þætti sem viðmælendum þykir mikilægt að séu til staðar áður en þær verða mæður. Þriðji undirkaflinn ber heitið *Ljónagryfjan – kröfurnar og heimur á heljarþróm* og vísar það í þær kröfur sem viðmælendur telja að gerðar séu til foreldra og sérstaklega mæðra, hvernig viðmælendur máta sig við foreldrahlutverkið eins og það birtist þeim í íslenskum samtíma og almenna sýn viðmælenda á umheiminn sem þær sem óruggum stað sem er á barmi hamfarahlýnunar og óafturkræfra loftslagsbreytinga.

Ljónin í farteskinu – fyrirmyndir og væntingar um kynjaðar byrðar

Í farteski þátttakenda eru margvísleg félagsleg norm og viðmið, auk lærdóms úr eigin æsku og félagssamhengis. Barneignanorm, svo sem æskilegur aldur við barneignir, fjöldi barna og hvaða skilyrði skulu uppfyllt fyrir barneignir, eru félagslega mótuð og grundvallast á fyrirmyndum úr fjölskyldu, vinahópum og fjölmiðlum. Þátttakendur miða sig við eigin foreldra og sækja þar að auki félagslegan samanburð til jafnaldra sinna. Fjölskylduformið sem þær ólust upp við er þar einkar mótandi þáttur, en þátttakendur lýstu þar langflestir afar hefðbundinni kynjaðri verkaskiptingu þar sem móðirin sá annað hvort um allt sem viðkom heimilishaldi, eins og á æskuheimili Thelmu þar sem „mamma eldaði og gerði öll húsverkin“ eða þar sem verkum var skipt eftir hefðbundnum línunum þar sem „mamma alltaf að elda og vaska upp, en aftur á móti vann pabbi lengri vinnudag og hann

gerði við allt, var mjög handlaginn og þreif alveg heima án þess að vera beðinn um það“ (Marta). Að alast upp við kynjaða verkaskiptingu, á heimili þar sem álagið hvílir fyrst og fremst á móður, leggur grunn að væntingum þátttakenda til móðurhlutverksins. Katrín lýsir upplifun af móður sinni, sem reyndi að halda öllum boltum á lofti:

Af því að ég man eftir henni bara alltaf útbrunninni á þú veist, vinna ógeðslega mikið og koma svo heim og ætla að vera fullkomin mamma og eitthvað svona, og þá varð hún bara *grumpy* og hafði ekki tíma, af því að hún var svo mikið að reyna að vera fullkomin (Katrín)

Viðmælendur okkar sjá móðurhlutverkið sem þvingandi þar sem kröfur og ábyrgð deilast ekki jafnt á foreldra. Þær telja móðurhlutverkið einkennast af fórnun og erfiðleikum sem geri það lítt aðlaðandi. Ungu konurnar sjá síðan foreldrahlutverkin endurskapast á milli kynslóða meðal vinkvenna sinna, sem að þeirra mati taka á sig meira en sanngjarnan skerf af vinnu á heimilum sínum, líkt og þeirra eigin mæður gerðu þegar þær voru ungar. Embla lýsir þessari algengu upplifun sem vonbrigðum:

Mér finnst aðallega bara vonbrigði að sjá, eins og núna eru vinkonur mínar að eignast börn, og mér finnst við allar og þær vera allar mjög jafnréttisþenkjandi en samt er ég að sjá svo mikið, þú veist, þær eru flestar í fæðingarorlofi og enn með lítil börn svo það er kannski ekki endilega hægt að segja, en mér finnst þetta samt vera að þróast rosalega mikið í að; já, hann ætlar ekkert að vera að taka fæðingarorlof því hann ætlar bara að vera að vinna og hann er náttúrulega á hærri launum en ég svo það borgar sig ekkert fyrir hann að taka orlofið (Embla)

Viðmælendum er tíðrætt um ábyrgðina sem lögð er á herðar mæðra fremur en feðra og samfélagskerfin sem geri ráð fyrir því. Í því samhengi vísa konurnar oft í hugtakið um þriðju vaktina sem inniheldur þá hugrænu ábyrgð sem felst í skipulagningu, yfirsýn og ábyrgð á fjölskyldulífinu. Í nærumhverfi viðmælenda eru það mæður en ekki feður sem standa þessa vakt. Konurnar lýsa parasamböndum og foreldrasamböndum í sínu nánasta umhverfi og furða sig á hve stutt samfélagið er komið á leið þegar kemur að jafnrétti á þessu sviði. Í því samhengi kallar Anna eftir afgerandi umbótum á þátttöku karla innan heimilis:

Og það er alveg í kringum mig, þar sem að feður eru mjög virkir þátttakendur í uppeldi og heimilishaldi, en á meðan það er enn þá samt svona undantekningin á mínum aldri frekar en reglan, þá er þetta ekki brjálæðislega aðlaðandi sko (Anna)

Konurnar standa frammi fyrir því verkefni að samrýma femínísk gildi og væntingar um kynjajafnrétti við uppeldi sem einkenndist af kynjaðri verkaskiptingu og samtíma sem einkennist af kynjuðum kröfum og væntingum.

Ljónin í veginum – „rétti“ tíminn

Áherslan hjá mörgum viðmælenda er á mikilvægi þess að „koma sér fyrir“ og ná ákveðnum starfsframa og fjárhagslegu öryggi áður en barneignir koma til sögunnar og flækja veruleikann enn frekar. Karítas lýsir samfélagi og vinnumarkaði sem einkennist af harðri samkeppni og upplifir „[mikinn] keppnisand[a] í fólki á mínum aldri finnst mér, til að ná bestu vinnunum, bestu stöðunum, bestu menntuninni, bestu heimilunum.“ Félagsslegur samburður og lífsgæðamarkmið móta þannig ákvarðanatöku viðmælenda en hluti þátttakenda hafði einnig áhyggjur af því að eiga ekki nógu gott bakland ef eitthvað kæmi upp á og að festast í fátæktargildru sem myndi hindra framfærslu barna. Áhersla á fjárhagslega óhagkvæmni barneigna var áberandi í orðræðu þátttakenda, sérstaklega hjá þeim sem fæddust inn í verkamannastétt eða mátu félags- og/eða efnahagslegar aðstæður sínar í æsku sem bágbornar. Á heildina litið voru væntingar um að barneignum fylgi veruleg skerðing á veraldlegum gæðum, en ekki síður persónulegu frelsi:

Já, hvernig lífið myndi breytast, bara það sem þú sagðir, bara minna persónulegt frelsi. Ég held að tíminn myndi bara snúast rosalega mikið um börnin, en ekki mig og ferilinn minn, næstu 18 til 20 árin (Alda)

Það er áhugavert að sjá hve skýr aðgreining er á milli þess sem er talið tilheyra lífinu *fyrir* og *eftir* börn. Hlutir eins og ferðalög, skemmtanalíf, vinátta, frítími og leikur víkja fyrir því að vera alltaf á vaktinni, sem einkennist af svefnleysi, ábyrgð, bindingu og algjörrri helgun.

Í rýnihópunum og einstaklingsviðtölum voru konurnar allar spurðar að því hvort þær langi til þess að eignast börn. Af þeim 14 konum sem tóku þátt sáu fjórar eindregið fyrir sér að eignast börn í framtíðinni, tvær vildu ekki eignast börn sjálfar, en önnur var opin fyrir ættleiðingu eða því að taka barn í fóstur, og átta konur voru óákveðnar – höfðu ekki tekið ákvörðun af eða á. Eftirfarandi frásögn Öldu lýsir vel viðhorfi flestra viðmælenda til barneigna þar sem það að eignast barn tilheyrir óræðri framtíð:

Þetta er eiginlega næstum því sama svar og við vorum með [allar hlæja]. Við erum báðar svona opnar fyrir því, en ekki núna og finnst að við munum fórná ógeðslega miklu af lífinu okkar ef við gerum það núna (Alda)

En þó að barneignir séu í augum flestra kvennanna eitthvað sem þær sjá fyrir sér virðist rétti tíminn alltaf vera utan seilingar. Það að vera „tilbúin“ til að eignast börn var tengt hugmyndum um sjálfsuppfyllingu, en einnig mati á hæfni þeirra til að vera „góðar“ mæður sem eru tilbúnar til þess að setja ávallt hagsmuni barnsins í forgrunn:

Já, mér finnst bara, mig langar bara að hafa mig í fyrsta sæti. Og það er svo margt sem mig langar til að gera sem að ég myndi ekki geta gert og, þú veist, myndi ekki endilega vilja gera ef ég ætti börn og mér finnst bara eitthvað svo, ég veit það ekki, mig langaði alltaf í börn, hélt alltaf að ég myndi eignast börn, ung eins og mamma og svona, en svo bara er svo margt sem að er hægt að gera og lifa og svo, mér finnst bara eitthvað svo bilað núna að eignast börn svona snemma, af því að, æj ég veit það ekki, það er svo stuttur tími til að bara setja sjálfan sig í fyrsta sæti (Birna)

Það að vera „tilbúin“ til þess að verða móðir er því að einhverju leyti menningarlega skilgreint og í frásögnum margra kvennanna er skýrt að „mörkin færast alltaf“ (Áslaug) eftir því sem þær nálgast þau. Ný mörk taka við því alltaf er hægt að finna gildar ástæður fyrir því að fresta barneignum. Erna lýsir þessum breytingum á mörkum með gamansömum hætti:

Ég hugsaði alltaf að ég myndi alla vega vilja vera komin í eigin íbúð, en nú var ég að kaupa eigin íbúð. Það fyrsta sem ég hugsaði var nú þarf ég nýja afsökun. Þegar við náum markmiðum Sameinuðu þjóðanna þá ætla ég að eignast barn (Erna)

Áhersla á einstaklingsfrelsi og tíma til að njóta var þannig þátttakendum ofarlega í huga en líffræðilega „klukkan“ var samt aldrei langt undan. Heppilegustu tímasetningu foreldrahlutverksins er stýrt með félagslegum viðmiðum sem mæla fyrir um kjörforsendur fyrir foreldrahlutverki og barnauppleði (Phoenix o.fl., 1991) og gefa til kynna að konur ættu ekki að eignast börn þar til þær geta uppfyllt þessar kröfur. Orðræða um „réttar“ aðstæður fyrir móðurhlutverkið felur í sér fjárhagslegt öryggi og „rétt“ parasamband, en líka réttan aldur, það er að konur séu ekki of ungar en ekki of gamlar. Hrönn er meðvituð um að frjósemissskeið hennar muni ekki vara að eilífu, sem gerir hana meðvitaða um ákveðinn lokafrest „áður en ég verð 35 ára, því það er eitthvað svo, áður en egginn verða slæm eða eitthvað,“ sem vísar í algengt stef í frásögnum viðmælenda um að þótt hægt sé að teygja frjósemistímamann teygist hann ekki endalaust. Viðhorf Hrannar og fleiri viðmælenda endurspeglar þannig algengar orðræður um vaxandi áhættu fyrir bæði móður og barn sem samsvarar aldri

móður. Sýnt hefur verið fram á hvernig efast er um siðferði eldri mæðra, þar sem þær virðast setja bæði sjálfar sig og börn sín í óþarfa áhættu (Budds o.fl., 2013) og geta þannig verið ábyrgar fyrir hvers kyns óhagstæðri útkomu vegna ákvarðana sinna.

Ljónagryfjan – kröfurnar og heimur á heljarþröm

Viðmælendur upplifa mikla ábyrgð tengda móðurhlutverkinu þar sem ekki sé rými til þess að mistakast því „þú getur fokkað upp manneskju, bara að eilífu, ef þú, ef þér tekst ekki vel“ (Katrín). Í frásögnum kvennanna má greina orðræðu einstaklingshyggju þegar kemur að foreldrahlutverkinu þar sem frammistaða hvers foreldris fyrir sig er undir smásjánni og að velgengni barns í lífinu ráðist af ákvörðunum foreldrisins og frammistöðu þess, frekar en efnahagslegum bakgrunni eða félagslegu umhverfi. Nokkrir viðmælendur ræða löngun sína til þess að koma á nýju samfélagskerfi þar sem kommúna komi í stað kjarnafjölskyldunnar og fleiri aðilar komi að uppeldi og umönnun. Umræða um slíka kommúna er þó oft í gamansömum tón og ljóst að slíkar hugmyndir eru frekar dagdraumar heldur en raunverulegur möguleiki fyrir viðmælendur. Hugmyndin birtist þó í beinu samhengi við væntingar kvennanna um að bera álagið og ábyrgðina einar á herðum sér, án aðstoðar frá samfélagi og fjölskyldu. Ábyrgðin sem felst í móðurhlutverkinu er skilgreind sem yfirgripsmikil og kvíðavaldandi og tengist ekki alltaf bara kröfum um umönnun og uppeldisaðferðir, heldur getur átt sér líkamlegar birtingarmyndir:

Ég gæti það ekki heldur. Ég væri bara eitthvað, efnin sem eru í boltunum, efnin sem eru í matnum, efnin sem eru í kringum þau, efnin sem mamman lætur í sig á meðgöngu, yfir alla ævina, sem að eru í brjóstamjólkinni, sem að er bara þarna þar til þú verður óléttur og svo gefur þú það allt fyrsta barninu þínu. Frumburðurinn þinn fær öll eiturefnin sem eru búin að safnast upp í líkama þínum (Aldís)

Í frásögn Aldísar hér að ofan má sjá hvernig sjálfur líkami móðurinnar getur orðið að heilsuspillandi umhverfi fyrir barnið. Í þessu samhengi er áhugavert að sjá hve vel viðmælendur þekkja og kunna að gera grein fyrir hinum margvíslegu menningarlegu skilaboðum sem beinast að mæðrum, þrátt fyrir að þær sjálfar séu hvorki mæður né geri í raun ráð fyrir að verða mæður alveg á næstunni. Þannig birtist ítrekað það viðhorf að til þess að geta sinnt móðurhlutverkinu með sóma þurfi að búa yfir staðfestri hæfni:

Ég er sjálf bara voðalega hrædd við meðgöngu, mér finnst eitthvað svo skrítið að það sé lífvera inni í mér að vaxa, og náttúrulega bara ábyrgðin sem fylgir þessu þegar barnið kemur, ég held að, mér finnst svo margir ekki hugsa út í það, þetta er 18, bara lífstíðar ábyrgð fyrir aðra manneskju, og maður þarf ekki einu sinni að vera *qualified* til þess (Birna)

Hæfnin í þessu samhengi felst í því að vera vel undirbúin undir áskoranir foreldrahlutverksins og búin að kynna sér allar viðeigandi upplýsingar um öll svið umönnunar. Í máli margra viðmælenda má greina neikvætt viðhorf til þeirra sem ákveða að verða foreldrar án sérstaks undirbúnings og án þess að vera „tilbúin í allt þetta“ (Anna). Í frásögnum kvennanna birtist sú sýn að of margir séu einfaldlega að eignast börn án þess að vera raunverulega tilbúnir í þá skuldbindingu, fórn og vinnu sem það felur í sér, eða eins og Embla segir:

Við þurfum að hætta að eignast börn því þau eru svo sæt og við þurfum að byrja að eignast börn af því að við erum tilbúin í allt í kringum það. Mér finnst það bara góður punktur.

[allar: algjörlega]

Hugmyndir viðmælenda um hvað felst í góðu og viðeigandi uppeldi bera sterkan keim af hugmyndafræði um ákafa mæðrun (e. *Intensive Mothering*), þar sem áhersla er á að uppeldi barns og umönnun

sé tímafrek, barnamiðuð og kostnaðarrík og taki mið af sérfræðipækkingu hvers tíma fyrir sig (Hays, 1996). Viðmælendur lýsa þannig mikilvægi þess að foreldrar taki ábyrgð með því að kynna sér viðeigandi upplýsingar til þess að vera betur í stakk búin til þess að mæta börnum sínum:

Embla: Í dag búum við yfir svo miklum upplýsingum sem hafa kannski alltaf verið til, en þær eru svo aðgengilegar núna [hinar jánka] þannig að mér finnst það þínu á ábyrgð foreldra að fræða sig um alls konar, af hverju það sem þú ert að gera gæti verið skaðlegt og eitthvað svona, en maður getur kannski ekki *bleimað* fólkið sem vissi ekki betur, sem hélt bara ókei ég er alltaf að segja dóttur minni að hún sé of feit, en það er bara af því að ég vil að hún sé heilbrigð, en skilurðu?

Alda: en svo er hún kannski alveg heilbrigð

Embla: já, eða þú veist og ef þú hefur raunverulegar áhyggjur af heilsufari barnsins þíns þá getur þú kannski bara reynt að elda hollari mat, ef þú hefur tök á því, eða eitthvað.

Í þessari tilvitnun birtast okkur áhugaverð stef úr hugmyndafræði ákafrar mæðrunar þar sem gert er ráð fyrir því að aðgangur nútíma foreldra að góðum vísindalegum upplýsingum stuðli að betra foreldrahlutverki og fyrirbyggi skaðlegt uppeldi eða orðfæri sem særir barnið og veldur því vanlíðan. Ábyrgðin er því á herðum mæðra að rannsaka hvert mál í kjölinn til að fyrirbyggja ónærgætin samskipti og leita leiða til þess að bregðast við með „réttum“ leiðum, eins og að elda hollari mat. Þær kröfur sem viðmælendur telja að gerðar séu til foreldra, og sérstaklega mæðra, nýta orðfæri úr uppeldisritum og almennri orðræðu um mikilvægi sérfræðingsmiðaðs uppeldis og þær lýsa „pressu á að uppeldið sé fullkomið ... svo að dóttir mín eða sonur verði allavega næs manneskja“ (Alda). Þær ræða um mikilvægi örvunar og leiks og fjölbreytts fæðis en einnig hlutverk foreldra þegar kemur að því að „þjálfá gagnrýna hugsun“ (Karítas). Þær lýsa ákveðnum frammistöðukvíða og að mikilvægt sé að uppeldið sé fullmótað og úthugað og að foreldri „beitir sér til þess að gera það að raunveruleika“ (Karítas), en á sama tíma lýsa margar þeirra áhyggjum af því hvort þær muni geta staðið undir öllum þessum kröfum sjálfar.

Birtingarmyndir kvíða í viðtölunum eru ekki aðeins einstaklingsbundnar heldur má segja að kvíði vegna óvissrar framtíðar sé ákveðið leiðarstef. Margir viðmælendur lýsa þannig viðhorfi sínu til umheimsins sem óöruggs staðar sem er á barmi hamfarahlýnunar og óafturkræfra lofstlagsbreytinga. Konurnar velja því margar upp að heimurinn verði ekki ákjósanlegur staður til þess að búa á þegar börnin sem getin eru í dag alast upp og komast á fullorðinsár. Þær telja að það sé því í raun mikill ábyrgðarhluti að velja það að eignast barn sem síðan þarf að takast á við áskoranir sem fylgja breyttum heimi:

Þú getur ekkert farið á netið án þess að sjá bara já þetta er að fara að gerast, bara til hvers á ég að nenna að eiga barn til þess að vera bara. Þælið í að útskýra fyrir barninu þegar það er 27 ára bara *in the wasteland*, bara sorry ég vissi að þetta var að fara að gerast, en baby (Margrét)

Viðmælendur virðast fylgjast vel með fréttáflutningi af loftslagsmálum og þær þekkja vel til mála-flokksins og vísa í úttektir, samþykktir og sérfræðingsorðræðu máli sínu til stuðnings. Sumar upplifa jafnvel umræðuna í dag sem ákveðna „heimsendastemning[u]“ (Erna) og setja samansemmerki á milli þess álags sem börn valda mæðrum sínum og þess álags sem offjölgun hefur á jörðina:

Þú veist í samfélagi dagsins í dag þá ættum við auðvitað ekkert að vera að fjölga okkur sko (hlær), þannig að ég einhvern veginn svona, fyrir utan álagið sem þetta setur á mann, þú veist, svefnleysið, áhyggjurnar, global warming, þú veist (Anna)

Börn eru þannig skilgreind sem óskynsamleg og jafnvel ósiðleg hugmynd í óstöðugum heimi þar sem ekki er hægt að ganga að því sem gefnu að heimurinn beri fleiri börn eða að ný heimsmynd í kjölfar loftslagshörmunga muni vera ákjósanlegur staður til þess að búa í.

Umræða og lokaorð

Í rannsókninni er leitast við að varpa ljósi á viðhorf ungra íslenskra kvenna til foreldrahlutverksins. Viðmælendur okkar eru konur á aldrinum 25–30 ára sem eru ekki sjálfar mæður og búa þar af leiðandi yfir áhugaverðu sjónarhorni þess sem stendur fyrir utan og horfir inn. Fæðingartíðni á Íslandi hefur farið ört lækkandi undanfarin 10 ár og ljóst er að íslenskar konur eignast nú sín fyrstu börn síðar en áður þekktist og eignast jafnframt færri börn, auk þess sem fleiri kjósa að eignast ekki börn. Mikilvægt er að varpa ljósi á ástæður þessa og í þessari viðtalsrannsókn má greina ákveðin stef sem útskýra og setja í samhengi þá lýðfræðilegu þróun. Þó að flestir viðmælendur okkar hafi ekki útilokað barneignir í framtíðinni má greina sterka óvissu og hik þegar kemur að barneignaráformum þeirra. Það að alast upp við kynjaða verkaskiptingu innan heimilis og að upplifa misvægi í núverandi samfélagskerfi, sem gerir ráð fyrir auknum skyldum mæðra umfram feður, leggur grunn að væntingum þátttakenda til móðurhlutverksins. Þriðja vaktin er viðmælendum okkar hugleikin en hún vísar í þá hugrænu vinnu sem fer fram þegar kemur að almennu skipulagi heimilisins, að deila niður verkefnum og að sjá fyrir þarfir, en þar hafa konur tilhneigingu til að starfa sem „verkefnastjórar“ fyrir heimilið (Daming, 2019). Segja má að viðmælendur okkar sjái í gegnum þá „áru kynjajafnréttis“ (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012) sem umlykur stundum umræðu um stöðu kynjanna í íslensku samhengi og hafni um leið þeim orðræðum sem halda því fram að jafnrétti sé náð og ábyrgð foreldra sé jöfn. Konurnar standa því frammi fyrir því verkefni að þurfa að samrýma persónulegar væntingar um kynjajafnrétti og samtíma sem hefur ekki tekist að útrýma kynjuðum kröfum og væntingum. Það gera þær með því að ganga inn í pósthómínískar orðræður um persónulegt val einstaklingsins, frelsi og persónulega valdeflingu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Vaadal og Ravn (2021) sem sýndu fram á það hvernig ungar konur af millistétt í Noregi tengja móðurhlutverk og fjölskyldulíf framtíðarinnar aðallega við missi á frelsi, ekki bara með tilliti til jafnréttis kynjanna heldur einnig með tilliti til framsækins lífsstíls þeirra og sjálfsmýndar í viðum skilningi.

Í frásögnum viðmælenda eimir enn eftir af þeirri menningarlegu hugmynd að móðurhlutverkið sé hlutverk sem allar konur ættu að sækjast eftir. Þó virðist sú ríkjandi hugmynd vera á einhverju undanhaldi og þess í stað merkjum við orðræðu nýfrjálshyggju og pósthómínisma þegar kemur að foreldrahlutverkinu, en þar er einstaklingshyggju og persónulegu vali hampað (Gill, 2008). Lýðfræðileg þróun þátta eins og frestunar hjónabands og barneigna sem og aukin skilnaðartíðni hefur verið túlkuð sem birtingarmynd aukinnar einstaklingshyggju í síðnúttímasamfélagi (Beck-Gernsheim, 2011) og niðurstöður okkar benda til þess að sú sé einnig raunin í hinu íslenska samhengi. Viðmælendur okkar upplifa ótta við að ná ekki markmiðum sínum á vinnumarkaði, að missa af tækifærum, dragast aftur úr og ná ekki að koma sér fyrir í samfélagi og á vinnumarkaði sem einkennist af mikilli samkeppni. Aukin einstaklingshyggja felur í sér að það að eignast börn hættir að vera skilgreint sem stærsta og æðsta markmið lífsins og verður þess í stað: „viðfang meðvitaðrar skipulagningar og útreikninga, vonar og ótta“ (Beck og Beck-Gernsheim, 2002, bls. 126). Það er áhugavert að greina hin skörpu skil sem viðmælendur upplifa á lífinu fyrir og eftir tilkomu barna og togstreituna á milli líffræðilegu „klukkunnar“ og einstaklingsfrelsis sem er einkennandi í lýsingum þátttakenda. Að verða foreldri er því ekki lengur sjálfsgæður hluti af lífinu heldur frekar val sem þarf að taka að vel íhuguðu máli þar sem foreldrahlutverkinu fylgir margvísleg tilvistarleg áhætta (Maher og Saugeres, 2007). Börn geta þannig staðið í vegi fyrir frelsi og ánægju einstaklings (Esping-Andersen, 2011). Því er freistandi að færa til mörkin um hvenær rétti tíminn til að eignast barn rennur upp.

Það er áhugavert að skoða hve vel viðmælendur þekkja og kunna að gera grein fyrir hinum

margvíslegu menningarlegu skilaboðum sem beinast að mæðrum, þrátt fyrir að þær sjálfar séu ekki mæður. Þetta eru skilaboð sem snúast meðal annars um plastmagn í brjóstamjólk, mikilvægi örvunar og meðvitaðs leiks og mikilvægi holls mataræðis og virðingarríkra samskipta. Foreldrahlutverkið er þannig skilgreint sem eitthvað sem krefst töluverðs undirbúnings og rannsóknarvinnu til þess að fyrirbyggja mistök eða jafnvel vanrækslu. Viðhorfið inniber væntingar um ómögulega háar kröfur. Viðmælendur lýsa því frammistöðukvíða vegna þess hve auðvelt er að mistakast í hlutverkinu og hve margt getur farið úrskeiðis. Hugmyndir viðmælenda um hvað felst í góðu og viðeigandi uppeldi bera öll merki um að hugmyndafræði ákafra mæðrunar (e. *Intensive Mothering*) hafi skotið traustum rótum í íslensku samfélagi. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna fram á sams konar hliðrun í átt að ríkjandi orðræðu um ákafa mæðrun. Samkvæmt forskrift ákafra mæðrunar er árangursríkt uppeldi að öllu leyti barnsmiðað. Móðirin tekur alla ábyrgð á þeim ólíku þáttum sem lúta að þroska og velferð barnsins, en á að styðjast við ráð og leiðbeiningar sérfræðinga og vísindalegrar orðræðu um uppeldi og umönnun til þess að „kenna“ henni réttu handtökin (Hays, 1996). Þannig á sjálfsmýnd móðurinnar fyrst og fremst að grundvallast á móðurhlutverkinu, sem er menningarlega skilgreint sem erfiðara, tímafrekara og flóknara en áður þekktist (Badinter, 2012; Crossley, 2009; Maher og Saugeres, 2007). Í ljósi þess hve erfitt það er að uppfylla sívaxandi kröfur um ákafa mæðrun er því skiljanlegt að margar konur velji að fresta barneignum þangað til þær álíta að þær séu betur í stakk búnar til þess að geta uppfyllt kröfurnar og um leið tilbúnar til að fórna eigin hagsmunum (Beck og Beck- Gernsheim, 2002). Það að vera „tilbúin“ til að eignast börn er því ekki aðeins tengt hugmyndum um sjálfuppfyllingu, en einnig mati á hvenær þær geti búist við að búa yfir hæfni til að vera „góðar“ mæður.

Það er áhugavert að sjá að þó að viðmælendur okkar sjái brotalamir í ásýnd jafnréttisamfélagsins þegar kemur að ábyrgð og skyldum mæðra og fedra þá setja þær ekki sömu spurningarmerki við þá hugmyndafræði einstaklingshyggju og ákafra mæðrunar sem einkennir foreldrahlutverkið. Það virðist ekki vera mikið svigrúm til að þess að sníða foreldrahlutverk að eigin þörfum, lífsstíl eða löngunum, eða með öðrum orðum að gera það að sínu. Eins og Faircloth (2021) hefur bent á er ákveðin mótsögn á milli tveggja hugsjóna sem mætir ungu fólki í dag. Þar eru annars vegar hugmyndir um æskileg parasambönd, þar sem jafnrétti, nánd og sjálfstæði eru eiginleikar sem eru metnir mikils, og hins vegar sambönd foreldra við börn sín þar sem áherslan er gríðarlega ójöfn og kynjuð. Móðir sem fórnar sér er alltaf til staðar og sækir sjálfsmýnd sína í stöðu sína sem móðir. Viðmælendur okkar eru að kljást við þessa mótsögn á eigin skinni. Birtingarmyndir kvíða í viðtölunum eru ekki aðeins einstaklingsbundnar heldur má segja að kvíði um óvissa framtíð sé ákveðið leiðarstef. Margir viðmælendur lýsa þannig viðhorfi sínu til umheimsins sem óöruggs staðar sem er á barmi hamfarahlýnunar og óafturkræfra lofstlagsbreytinga og því má kannski segja að kynslóðin sem hér er til umfjöllunar sé á einhvern hátt öðruvísi, og að takast á við nýjan veruleika. Þetta er í samræmi við niðurstöður Helm o.fl. (2021) sem benda til þess að margt ungt fólk í dag hafi verulegar áhyggjur af framtíðinni og sé að takast á við mikinn kvíða vegna loftslagsbreytinga.

Niðurstöður okkar benda því til þess að ungar konur upplifi margvíslegar hindranir, eða ljón í veginum þegar kemur að foreldrahlutverkinu. Þær tilheyra kynslóð ungra kvenna sem býr yfir miklu frelsi þegar kemur að barneignum, hvort þær vilji börn, með hverjum, hvenær og hve mörg. Ungar konur hafa verið skilgreindar sem fyrirmyndarviðföng nýfrjálshyggjunnar (McRobbie, 2007) þar sem nýfengið valfrelsi þeirra og möguleikar séu endalausir. En frelsi dagsins í dag fylgir líka sú víska að frelsið sé einungis tímabundið og að láni, því að kynjaðar byrðar foreldrahlutverksins og samfélaglegar kröfur um ákafa mæðrun muni sníða þeim þröngan stakk þegar þær ganga inn í það. Í samfélagslegri orðræðu sem ber keim af póstheminisma og hampar persónulegri ábyrgð og vali getur reynst auðvelt að hunsa hið víðara menningarlega samhengi og þá félagslegu krafta sem leiðbeina og stýra. Í slíku tómarúmi þykir ungum konum erfitt að sjá fyrir sér hvernig þær geti uppfyllt vaxandi kröfur um „góða“ og ábyrga mæðrun í samfélagi sem einkennist af lífsgæðakapphlaupi, einstaklingshyggju og yfirvofandi loftslagssvá.

Heimildaskrá

- Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir. (2019). „Mér finnst ég stundum eins og hamstur í hjóli“: Streita í daglegu lífi fjölskyldufólks á Íslandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 10(1), 4–20.
- Angelov, N., Johansson, P. og Lindahl, E. (2016). Parenthood and the gender gap in pay. *Journal of Labor Economics*, 34(3), 545–579.
- Annadís Gréta Rúðólfssdóttir og Auður Magnús Auðardóttir. (2020). Skipulagið er komið út í bílskúr: Fjölskyldulíf, heimanám og COVID-19. *Netla*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2020.17>
- Arendell, T. (2000). Conceiving and Investigating Motherhood: The Decade’s Scholarship. *Journal of Marriage and Family*, 62(4), 1192–1207. <https://doi.org/10.1111/j.1741-3737.2000.01192.x>
- Arias, E. M. (2022). Voluntary Childlessness: An Upstream Choice in the Anthropocene. Í D. Thornley (ritstj.), *Childfree across the Disciplines: Academic and Activist Perspectives on Not Choosing Children* (bls ?–?). Rutgers University Press.
- Arnalds, Á. A. (2020). *Policies and parenthood: The impact of the Icelandic paid parental leave law on work and child-care* [doktorsritgerð]. Háskóli Íslands.
- Arnalds, Á. A., Duvander, A. Z., Eydal, G. B. og Gíslason, I. V. (2019). Constructing parenthood in times of crisis. *Journal of Family Studies*, 27(3), 420–435. <https://doi.org/10.1080/13229400.2019.1634622>
- Auðardóttir, A. M. (2022). From progressiveness to perfection: Mothers’ descriptions of their children in print media, 1970–1979 versus 2010–2019. *European Journal of Cultural Studies*, 13675494221112444. <https://doi.org/10.1177/13675494221112445>
- Badinter, E. (2012). *The Conflict: Woman & Mother*. The Text Publishing Company.
- Balbo, N., Billari, F. C. og Mills, M. (2013). Fertility in Advanced Societies: A Review of Research. *Eur J Population*, 29, 1–38. <https://doi.org/10.1007/s10680-012-9277-y>
- Beck-Gernsheim, E. (2011). The Marriage Route to Migration: Of border artistes, transnational matchmaking and imported spouses. *Nordic Journal of Migration Research*, 1(2), 60–68. <https://doi.org/10.2478/v10202-011-0008-y>
- Beck, U. og Beck-Gernsheim, E. (2002). *Individualization: Institutionalized Individualism and its Social and Political Consequences*. <https://doi.org/10.4135/9781446218693>
- Billari, F. C. og Philipov, D. (2004). Education and the transition to motherhood: A comparative analysis of Western Europe. European Demographic Research Papers 3. Vienna Institute of Demography of the Austrian Academy of Sciences.
- Blackstone, A. (2019). *Childfree by Choice: The Movement Redefining Family and Creating a New Age of Independence*. Dutton. https://digitalcommons.library.umaine.edu/fac_monographs/306
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. *Qualitative Research in Psychology*, 3(2), 77–101. <https://doi.org/10.1191/1478088706qp063oa>
- Budds, K. (2021). Fit to conceive? Representations of preconception health in the UK press. *Feminism & Psychology*, 31(4), 463–482. <https://doi.org/10.1177/0959353520972253>
- Budds, K., Locke, A. og Burr, V. (2013). “Risky Business”: Constructing the “choice” to “delay” motherhood in the British press. *Feminist Media Studies*, 13(1), 132–147. <https://doi.org/10.1080/14680777.2012.678073>
- Correll, S. J., Benard, S. og Paik, I. (2007). Getting a Job: Is There a Motherhood Penalty? *American Journal of Sociology*, 112(5), 1297–1339. <https://doi.org/10.1086/511799>
- Crossley, M. L. (2009). Breastfeeding as a Moral Imperative: An Autoethnographic Study. *Feminism & Psychology* 19(1), 71–87. <https://doi.org/10.1177/0959353508098620>
- Daminger, A. (2019). The Cognitive Dimension of Household Labor. *American Sociological Review*, 84(4), 609–633. <https://doi.org/10.1177/0003122419859007>
- DeGroot, J. M. og Vik, T. A. (2020). “The Weight of Our Household Rests on My Shoulders”: Inequity in Family Work. *Journal of Family Issues*, 41(8), 1258–1281. <https://doi.org/10.1177/0192513X19887767>
- Dommermuth, L., Klobas, J. og Lappegård, T. (2011). Now or later? The theory of planned behavior and timing of fertility intentions [rafræn útgáfa]. *Advances in Life Course Research*, 16, 42–53.
- Dotti Sani, G. M. (2015). Within-Couple Inequality in Earnings and the Relative Motherhood Penalty. A Cross-National Study of European Countries. *European Sociological Review*, 31(6), 667–682. <https://doi.org/10.1093/esr/jcv066>
- Esping-Andersen, G. (2011). The Importance of Children and Families in Welfare States. Í G. Beets, J. Schippers og E. R. te Velde (ritstj.), *The Future of Motherhood in Western Societies: Late Fertility and its Consequences* (bls. 125–148). Springer Netherlands. https://doi.org/10.1007/978-90-481-8969-4_9
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. McGraw-Hill.
- EVS. (2021). EVS Trend File 1981-2017. GESIS Data Archive, Cologne. ZA7503 Data file Version 2.0.0, doi:10.4232/1.13736.
- Eydal, G. B. og Gíslason, I. V. (2014). Family Policies: The Case of Iceland. Í M. Robila (ritstj.), *Handbook of Family Policies Across the Globe* (bls. 109–124). Springer New York. http://link.springer.com/chapter/10.1007/978-1-4614-6771-7_8
- Faircloth, C. (2021). When equal partners become unequal parents: Couple relationships and intensive parenting culture. *Families, Relationships and Societies*, 10(2), 231–248. <https://doi.org/10.1332/204674319X15761552010506>
- Fernández-Cornejo, J. A., Escot, L., Kabubo-Mariara, J., Kinuthia, B. K., Eydal, G. B. og Bjarnason, T. (2016). Gender differences in young adults’ inclination to sacrifice career opportunities in the future for family reasons: comparative study with university students from Nairobi, Madrid, and Reykjavik. *Journal of Youth studies*, 19(4), 457–482. <https://doi.org/10.1007/s11267-016-9311-1>

- doi.org/10.1080/13676261.2015.1083957
- Friðrik H. Jónsson og Stefán Ólafsson. (1991). *Lífsskoðun í nútímalegum þjóðfélögum: Samanburður á Íslendingum, Dönum, Fínum, Norðmönnum, Svíum, öðrum Evrópuþjóðum og Bandaríkjamönnum*. Félagsvísindastofnun.
- Gill, R. (2008). Culture and Subjectivity in Neoliberal and Postfeminist Times. *Subjectivity*, 25(1), 432–445. <https://doi.org/10.1057/sub.2008.28>
- Gill, R. (2016). Post-postfeminism?: New feminist visibilities in postfeminist times. *Feminist Media Studies*, 16(4), 610–630. <https://doi.org/10.1080/14680777.2016.1193293>
- Gill, R. og Orgad, S. (2017). Confidence culture and the remaking of feminism. *New Formations*, 91(91), 16–34. <https://doi.org/10.3898/NEWF:91.01.2017>
- Gill, R. og Scharff, C. (2013). *New Femininities: Postfeminism, Neoliberalism and Subjectivity*. Springer.
- Gíslason, I. V., & Símonardóttir, S. (2018). Mothering and Gender Equality in Iceland: Irreconcilable Opposites? *Social Policy and Society*, 17(3), 457–466. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska Þjóðfélagið*, 3, 5–18.
- Hagstofa Íslands. (2022a). <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/faeddir-og-danir/faeddir-2021/>.
- Hagstofa Íslands (2022b). https://visar.hagstofa.is/felagsvisar/jafnvaegi-vinnu-og-einkalifs/vinnustundir_viku/
- Hayfield, N., Gareth T., Clarke, V og Ellis, S. (2019). “Never Say Never?” Heterosexual, Bisexual, and Lesbian Women’s Accounts of Being Childfree’. *Psychology of Women Quarterly*, 43(4), 526–38. <https://doi.org/10.1177/0361684319863414>.
- Hays, S. (1996). *The Cultural Contradictions of Motherhood*. Yale University Press.
- Helm, S., Kemper, J. A. og White, S. K. (2021). No future, no kids—no kids, no future? *Population and Environment*, 43(1), 108–129. <https://doi.org/10.1007/s11111-021-00379-5>
- Hintz, E. A. og Haywood, A. (2021). Media Frames of Voluntary Childlessness in the United States from 1989 to 2018. *Sex Roles*, 84, 747–764. <https://doi.org/10.1007/s11199-020-01197-z>
- Hjálmsdóttir, A. og Bjarnadóttir, V. S. (2021). “I have turned into a foreman here at home”: Families and work–life balance in times of COVID-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work & Organization*, 28(1), 268–283. <https://doi.org/10.1111/gwao.12552>
- Hoem, J. M. (2008). The impact of public policies on European fertility. *Demographic Research*, 19(10), 249–260. doi:10.4054/DemRes.2008.19.10
- Inglehart, R. (1977). *The silent revolution: Changing values and political styles among western publics*. Princeton University Press.
- Ingólfssdóttir, E. S. og Gíslason, I. V. (2016). Gendered Solutions to the Care Gap Issue in Iceland. *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 24(4), 220–233. <https://doi.org/10.1080/08038740.2016.1241826>
- Júliúsdóttir, Ó., Rafnsdóttir, G. L. og Einarsdóttir, P. (2018). “Top managers and the gendered interplay of organizations and family life: the case of Iceland”, *Gender in Management*, 33(8), 602og622. <https://doi.org/10.1108/GM-03-2017-0028>
- Kanieski, M. A. (2010). Securing attachment: The shifting medicalisation of attachment and attachment disorders. *Health, Risk & Society*, 12(4), 335–344. <https://doi.org/10.1080/13698571003789682>
- Kaufman, G. & Bernhardt, E. (2012). His and her job: What matters most for fertility plans and actual childbearing? *Family Relations*, 61(4), 686–697. doi: 10.1111/j.1741-3729.2012.00720.x
- Lampic, C., Skoog Svanberg, A., Karlström, P. og Tydén, T. (2006). Fertility awareness, intentions concerning childbearing, and attitudes toward parenthood among female and male academics [rafræn útgáfa]. *Human Reproduction*, 21(2), 558–564.
- Lappegård, T. (2000). New fertility trends in Norway. *Demographic Research Vol. 2: Article 3*. Sótt af www.demographic-research.org/Vol2/3.
- Lappegård, T., (2002). Education attainment and fertility pattern among Norwegian mothers. *Documents 2002/18*, Statistics Norway.
- Lee, E., Bristow, J., Faircloth, C. og Macvarish, J. (2014). *Parenting culture studies*. Palgrave Macmillan.
- Lesthaeghe, R. (2010). The Unfolding Story of the Second Demographic Transition. *Population and Development Review*, 36(2), 211–51. doi:10.2307/25699059
- Locke, A. og Horton-Salway, M. (2010). ‘Golden Age’ versus ‘Bad Old Days’: A discursive examination of advice giving in antenatal classes. *Journal of Health Psychology*, 15(8), 1214–1224. <https://doi.org/10.1177/1359105310364439>
- Maher, J. og Saugeres, L. (2007). To be or not to be a mother?: Women negotiating cultural representations of mothering. *Journal of Sociology*, 43(1), 5–21. <https://doi.org/10.1177/1440783307073931>
- Maskína. (2017). Heimilisþrif á Íslandi. <https://maskina.is/wp-content/uploads/2017/10/Heimilisþrif.pdf>
- McRobbie, A. (2004). Post-feminism and popular culture. *Feminist Media Studies*, 4(3), 255–264. <https://doi.org/10.1080/1468077042000309937>
- McRobbie, A. (2007). Top Girls? *Cultural Studies*, 21(4–5), 718–737. <https://doi.org/10.1080/09502380701279044>
- Miettinen, A., Rotkirch, A., Szalma, I., Donno, A. og Tanturri, M. L. (2015). Increasing childlessness in Europe: time trends and country differences. *FamiliesAndSocieties*. 33 (2015).
- Mills, M., Tanturri, M., Rotkirch, A., Sobotka, T., Takacs, J., Miettinen, A., Faludi, C., Kantsa, V., & Nasiri, D. (2015). *State-of-the-art report childlessness in Europe. 2015*(32). <https://ora.ox.ac.uk/objects/uuid:a5bc0920-8ea1-4215-8d34-6d66ce722cf3>

- Moore, J. (2014). Reconsidering childfreedom: A feminist exploration of discursive identity construction in childfree LiveJournal communities. *Women's Studies in Communication*, 37(2), 159–180. doi:10.1080/07491409.2014.909375
- Morgan, D. L., Morgan, D. L. og Krueger, R. A. (1998). *The Focus Group Guidebook*. SAGE.
- Murphy, E. (2000). Risk, Responsibility, and Rhetoric in Infant Feeding. *Journal of Contemporary Ethnography*, 29(3), 291–325. <https://doi.org/10.1177/089124100129023927>
- Onwuegbuzie, A. J., Dickinson, W. B., Leech, N. L. og Zoran, A. G. (2009). A Qualitative Framework for Collecting and Analyzing Data in Focus Group Research. *International Journal of Qualitative Methods*, 8(3), 1–21. <https://doi.org/10.1177/160940690900800301>
- Park, K. (2002). Stigma Management among the Voluntarily Childless. *Sociological Perspectives*, 45(1), 21–45. <https://doi.org/10.1525/sop.2002.45.1.21>
- Perrin, A. (2015). Social media usage. Pew research center, 125, 52–68.
- Phoenix, A., Woollett, A. og Lloyd, E. (ritstj.). (1991). *Motherhood: Meanings, practices and ideologies*. Sage.
- Pomerantz, S., Raby, R. og Stefanik, A. (2013). Girls Run the World?: Caught between Sexism and Postfeminism in School. *Gender & Society*, 27(2), 185–207. <https://doi.org/10.1177/0891243212473199>
- Rick, J. M. og Meisenbach, R. J. (2017). Social stigma, childfree identities, and work/life balance. Í E. F. Hatfield (ritstj.), *Communication and the work-life balancing act: Intersections across identities, genders, and cultures* (bls. 205–221). Rowman and Littlefield & Lexington Books.
- Rijken, A. J. og Merz, E. (2014). Double standards: Differences in norms on voluntary childlessness for men and women [rafræn útgáfa]. *European Sociological Review*, 30(4), 470–482.
- Roberts, E., Metcalfe, A., Jack, M. og Tough, S. C. (2011). Factors that influence the childbearing intentions of Canadian men. *Human Reproduction*, 26(5), 1202–1208. <https://doi.org/10.1093/humrep/der007>
- Rowland, D. T. (2007). Historical trends in childlessness [rafræn útg.]. *Journal of Family Issues*, 28(10), 1311–1337.
- Rønsen, M. (2004). Fertility and family policy in Norway – A reflection on trends and possible connections. *Demographic Research*, 10, Article 10, 265–286.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). Fjölskyldur við aldhvörf. Háskólaútgáfan.
- Simonardóttir, S. (2016a). Constructing the attached mother in the “world’s most feminist country”. *Women's Studies International Forum*, 56, 103–112. <https://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.02.015>
- Simonardóttir, S. (2016b). Getting the Green Light: Experiences of Icelandic Mothers Struggling with Breastfeeding. *Sociological Research Online*, 21(4), 1.
- Simonardóttir, S., & Rüdólfssdóttir, A. G. (2021). The “good” epidural: Women’s use of epidurals in relation to dominant discourses on “natural” birth. *Feminism & Psychology*, 31(2), 212–230. <https://doi.org/10.1177/0959353520944808>
- Thévenon, O., & Gauthier, A. H. (2011). Family policies in developed countries: A ‘fertility-booster’ with side-effects. *Community, Work & Family*, 14(2), 197–216. <https://doi.org/10.1080/13668803.2011.571400>
- Thornton, A., & Young-DeMarco, L. (2001). Four decades of trends in attitudes toward family issues in the United States: The 1960s through the 1990s. *Journal of Marriage and Family*, 63, 1009–1037. <https://doi.org/10.1111/j.1741-3737.2001.01009.x>
- Vaadal, K., & Ravn, S. (2021). ‘It Feels Like Life Is Narrowing’: Aspirational Lifestyles and Ambivalent Futures among Norwegian ‘Top Girls’. *Sociology*, 55(6), 1135–1150. <https://doi.org/10.1177/0038038521997759>
- Vandenbeld, G. M. (2014). *Mothering in the age of neoliberalism*. Demeter Press.
- Virtala, A. og Virjo, I. (2004). University students seeking hormonal emergency contraception: Why do they not want pregnancy now? When is it suitable to have children? [rafræn útgáfa]. *Yearbook of Population Research in Finland*, 40, 119–131.
- Vollset, S. E., Goren, E., Yuan, C.-W., Cao, J., Smith, A. E., Hsiao, T., Bisignano, C., Azhar, G. S., Castro, E., Chalek, J., Dolgert, A. J., Frank, T., Fukutaki, K., Hay, S. I., Lozano, R., Mokdad, A. H., Nandakumar, V., Pierce, M., Pletcher, M., ... Murray, C. J. L. (2020). Fertility, mortality, migration, and population scenarios for 195 countries and territories from 2017 to 2100: A forecasting analysis for the Global Burden of Disease Study. *The Lancet*, 396(10258), 1285–1306. [https://doi.org/10.1016/S0140-6736\(20\)30677-2](https://doi.org/10.1016/S0140-6736(20)30677-2)

Um höfunda

SUNNA SÍMONARDÓTTIR (sunnaks@hi.is) er nýdoktor og aðjúnt í félagsfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í félagsfræði við Háskóla Íslands árið 2017.

HLÉDÍS MAREN GUÐMUNSDÓTTIR (hmh31@hi.is) er meistaranemi í félagsfræði við Háskóla Íslands.